

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 33/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/69/EB frá 27. apríl 2004 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB að því er varðar skilgreiningu á „fjölpjódlegum þróunarbönkum“ ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„– **32004 L 0069**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/69/EB frá 27. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2004/69/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 399, 22.12.2005, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 44.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.